



7. desember 2022

Tilv.: 2203177

Dreifibréf númer: 40/2022
til lánastofnana og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að nýjum reglum um lausafjárhlutfall lánastofnana

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 18/2022 sem inniheldur drög að nýjum reglum um lausafjárhlutfall lánastofnana. Reglurnar verða settar á grundvelli 82. tölul. 2. mgr. og 3. mgr. 117. gr. b laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Á sama tíma falla úr gildi reglur nr. 266/2017, um lausafjárhlutfall lánastofnana, með síðari breytingum. Gert er ráð fyrir að reglurnar taki gildi 1. janúar 2023.

Með núgildandi reglum um lausafjárhlutfall lánastofnana er framseld reglugerð (ESB) 2015/61 innleidd. Með setningu nýrra reglna verða jafnframt framseldar reglugerðir (ESB) 2018/1620 og 2022/786 innleiddar, sem báðar breyta reglugerð (ESB) 2015/61.

Í 6. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/61 er kveðið á um heimild aðildarríkja til að gera sérstakar lausafjárkröfur í þeim tilgangi að lágmarka gjaldmiðlamisræmi með því að takmarka hlutfall útflæðis lausafjár í tilteknum gjaldmiðli sem mæta má á álagstíma með lausafjäreignum í öðrum gjaldmiðli. Slíka takmörkun má einungis leggja á reikningsskilagjaldmiðil eða gjaldmiðil þar sem heildarskuldbindingar eru jafnar eða umfram 5% af heildarskuldum lánastofnunar (e. significant currency).

Með nýju reglunum er gert ráð fyrir að núgildandi lausafjárhlutfall í öllum erlendum gjaldmiðlum samtals verði fellt brott og sett verði krafa um að lánastofnanir uppfylli að lágmarki 80% lausafjárhlutfall í evrum, að því gefnu að heildarskuldbindingar viðkomandi lánastofnunar í evrum séu jafnar eða umfram 10% af heildarskuldum lánastofnunar, sbr. umfjöllun í dreifibréfi Seðlabankans til lánastofnana nr. 24/2022, dags. 12. júlí 2022.

Með dreifibréfi þessu gefur Seðlabankinn viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru jafnframt birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 20. desember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til

gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal senda á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Haukur C. Benediktsson
frankvæmdastjóri

Vigdís Ósk Helgadóttir
forstöðumaður

